

**25. fundur umhverfisnefndar haldinn 19.07.2018 kl. 18:00 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk 20.**

Fundinn sátu Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Pétur Reynisson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Thelma Rós Kristinsdóttir og Gunnar Biering Agnarsson. Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**DAGSKRÁ.**

**1. Kynning á drögum að erindisbréfi umhverfisnefndar**

Umhverfisnefnd samþykkir drögin að erindisbréfi nefndarinnar og felur umhverfisfulltrúa að koma því til bæjarstjóra til samþykktar.

**2. Undirbúningur að tillögu til bæjarstjórnar um hverjum veita skuli viðurkenningu fyrir að skara framúr hvað varðar snyrtilegan frágang lóðar og umhverfis.**

Nefndin hefur ákveðið að fara í skoðunarferð um bæinn fimmtudaginn 27. Júlí klukkan 17.00 til að velja þær lóðir sem skara fram úr hvað varðar frágang en nú þegar hafa borist margar ábendingar frá íbúum um fallegar lóðir og umhverfi.

**3. Undirbúningur fyrir Blómstrandi daga**

Undirbúningur fyrir Blómstrandi daga verður með hefðbundnum hætti að þessu sinni. Nefndin hvetur íbúa bæjarins til að taka þátt í hátíðinni með myndarlegum hætti.

**4. Staða umhverfismála í Hveragerði**


Margt er vel gert í umhverfismálum í Hveragerði nú þegar en alltaf er tækifæri til framfara. Nefndin hvetur íbúa til að halda áfram að flokka úrgang og gera enn betur í framtíðinni. Stefnir skal að því að Hveragerðisbær verði leiðandi í umhverfismálum á Íslandi innan 4 ára.

**5. Hátíðin Blóm í bæ árið 2019**

Forsendur fyrir því að halda hátíðina Blóm í bæ skulu kannaðar. Mikilvægt er að ákvörðun um hvort halda skuli hátíðina sem fyrst svo hefja megi undirbúning tímanlega.

**6. Lystigarður við Fosslöt, aukið aðdráttarafi**

Nefndin hvetur til þess að komið verði upp grillaðstöðu og salernum í Lystigarðinum. Einnig að komið verði upp einhverskonar aðdráttarafi sem laðar fleiri gesti í garðinn.



Fundargerð var samþykkt samhljóða og fundi slitið kl: 20.11

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Gunnar Biering

Gunnar Biering Agnarsson

Pétur Reynisson

Pétur Reynisson

Thelma Rós Kristinsdóttir

Thelma Rós Kristinsdóttir

Höskuldur Þorbjarnarson

Höskuldur Þorbjarnarson

AS